

LÖG SKYLMINGAFÉLAGS REYKJAVÍKUR (SFR)

1.gr.

Félagið heitir Skyldingafélag Reykjavíkur (SFR). Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. SFR er aðili að Íþróttabandalagi Reykjavíkur (ÍBR), Skyldingasambandi Íslands (SKY) og Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSí) og því háð lögum, reglum og samþykktum íþróttahreyfingarinnar. Merki félagsins skal vera skjöldur með fugli yfir. Á skyldinum skal vera mynd af grímu frami fyrir þrem krosslögðum sverðum. Umleikis skjöldin skal vera skreyti.

2.gr.

Markmið félagsins er að iðka skyldingar og glæða áhuga almennings á þeim.

3.gr.

Félagsmaður getur hver sá orðið, sem hlýtur til þess samþykki stjórnar félagsins.

4.gr.

Æfinga- og félagsgjöld skulu ákveðin á aðalfundi félagsins.

5.gr.

Félagið er öllum opið. Kjörgengi og atkvæðisrétt hafa þeir félagsmenn sem náð hafa 18 ára aldri og hafa fullgilt félagsskrirteini.

6.gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri, meðstjórnandi og tveir varamenn. Á fundum stjórnar ræður meirihluti atkvæða úrslitum allra mála.

7.gr.

Stjórninni ber að gæta hagsmuna félagsins í hvívetna. Hún hefur umráð yfir eignum félagsins og ræður starfsemi þess.

8.gr.

Stjórnin getur vísað mönnum úr félaginu, telji hún framkomu þeirra félaginu til vansæmdar en þó getur viðkomandi farið fram á að málið verði tekið fyrir á félagsfundi.

9.gr.

Reikningar miðast við 1. janúar ár hvert.

10.gr.

Aðalfundur skal kjósa endurskoðanda úr hópi félagsmanna til að endurskoða reikninga félagsins og til að sjá um skil á endurskoðuðum ársreikningum fyrir starfsskýrslur félagsins til ÍSí.

11.gr.

- A. Aðalfundur skal haldinn árlega fyrir maí lok og framhaldsfundir svo oft sem þurfa þykir.
- B. Komi fram skriflegar óskir um aukafund frá að minnsta kosti 1/3 félagsmanna skal stjórnin boða til fundar, hafi löglega verið boðað til hans.
- C. Til aðalfundar skal boðað með minnst viku fyrirvara bréflaga eða símleiðis og er hann lögmætur án tillits hve margir mæta.
- D. Á hverjum félagsfundi skal kosinn fundarstjóri, sem skipar fundarritara.
- E. Á aðalfundi skulu mál tekin fyrir sem hér segir:

I) Lögð fram skýrsla stjórnar.

II) Gjaldkeri leggur fram reikninga og skýrslu um fjármál frá byrjun reikningsárs.

III) Kosin stjórn.

IV) Önnur mál.

Á fundinum ræður meirihluti atkvæða úrslitum allra mála nema lagabreytingum sjá 12. gr. Ef atkvæði falla jöfn hefur tillögu verið hafnað.

12.gr.

Að lagabreytingar séu kynntar með fundarboði. Til lagabreytinga þarf samþykki 2/3 greiddra atkvæða.

13.gr.

Ef félagið verður lagt niður, verður framgangsmátinn eftirfarandi:

- a. Tillögur um að leggja félagið niður má aðeins taka fyrir á lögmætum aðalfundi.
- b. Til samþykktar þarf minnst 2/3 hluta atkvæða.
- c. Aðalfundur skal ákveða hvernig ráðstafa skuli eignum félagsins.
- d. Tillaga um að leggja félagið niður skal koma fram í fundarboði.
- e. Sé samþykkt að leggja félagið niður, skal boða til aukaaðalfundar til að staðfesta niðurstöðuna.

(Samþykkt á aðalfundi SFR xx. maí 2024)